

Alþingi
Erindi nr. Þ 132/1443
komudagur 23.3.2006

Iðnaðarnefnd Alþingis
 Ingvar Þór Sigurðsson
 nefndarritari
 Alþingi v/Austurvöll
 150 REYKJAVÍK

Reykjavík, 16. mars 2006
 2006030006/42-1
 HeTo/rsb

Umsögn varðandi þingsályktun um djúpbörun á Íslandi

Vísað er til bréfs Iðnaðarnefndar Alþingis frá öðrum mars sl. varðandi beiðni um umsögn á þingsályktun um djúpbörun á Íslandi, 61. mál.

Stofnunin gerir ekki athugasemdir við efni málsins en bendir á að rannsóknir þessar eru mjög dýrar (5-6 milljarðar) og því eðlilegt að meginþungi kostnaðar verði greiddur af þeim sem nýtur afraksturs rannsókna, þ.e. orkufyrirtækjunum, en verði ekki til þess að rýra fé til annarra rannsókna. Vísindalegur ávinningur af borun sem þessari er að öllum líkindum mikill, enda eru rannsóknirnar styrktar af 1/3 af erlendum rannsóknarstofnunum. Því má ekki gleyma að 4 milljarðar eru sennilega ekki fjarri þeim kostnaði sem stór hluti af borholum í Kröflu hafa kostað (20 holur á um 200 millj. kr. stykkið) og sem nú skila afrakstri. Það væri því ábyrgðarlaust að fara of geyst í þessum rannsóknum.

Þá er bent á að engin leið er að spá í umhverfisáhrif virkjunar sem nýtir þá miklu orkulind sem verið er að sælast eftir, né er unnt að spá í efnasamsetningu þess vökva (gufu) sem úr holunum kemur. Allar leiðir til að minnka umhverfisáhrif virkjana eru af hinu góða og tekur stofnunin undir það. Þar sem árangur rannsókna getur legið fyrir að tvemur árum liðnum er ekki auðsætt hvað liggur á að hraða rannsóknun, einkum þar sem enginn skortur er á orku í landinu.

Virðingarfyllt



Jón Gunnar Ottósson
 forstjóri

